

## Byggðasafn Suður-Þingeyinga, Menningarmiðstöð Þingeyinga Fyrir endurnýjun á grunnsýningu í Safnahúsinu á Húsavík

Byggðasafn Þingeyinga var stofnað árið 1958 og hefur verið hluti af Menningarmiðstöð Þingeyinga frá árinu 2007. Starfs- og söfnunarsvæði safnsins nær frá Þingeyjarsveit í vestri að Langanesbyggð í austri og á vegum þess eru starfræktar nokkrar sýningar sem dreifast um Þingeyjarsýslur.

Grunnsýningin *Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum* var opnuð í Safnahúsinu á Húsavík í júní 2010. Opnun sýningarinnar markaði endapunkt umfangsmikilla breytinga á Safnahúsinu. Í sýningunni eru menningarminjar og náttúrugripir settir í nýtt og spennandi samhengi. Í stað hefðbundinnar aðgreiningar á menningu og náttúru hefur verið valin sú leið að draga upp mynd af sögu byggðarinnar í órjúfanlegu samspili manns og náttúru.

Sýningin er þaulhugsuð og afar vel afmörkuð í tíma og rúmi. Laxá, með bæjum meðfram ánni frá upptökum til sjávar, rennur eins og lífæð gegnum sýninguna, tengir hana saman og skerpir áhersluna á samspil og gagnkvæm áhrif manns og náttúru. Sérkennum svæðisins og náttúrunýtingu eru gerð góð skil og á textaspjöldum eru frásagnir heimafólks sem gefa trúverðuga mynd af lokatímabili „gamla bændasamfélagsins“ og bregða ljósi á lífsbaráttu og sjálfsþurft alþýðunnar á tímabilinu 1850-1950.

Saga Samvinnuhreyfingarinnar er eins konar sýning í sýningunni. Þar er upphaf hreyfingarinnar og saga rakin, einkum með hjálp margmiðlunarbúnaðar og ríkri notkun á myndefni.

Við sýningargerðina var myndaður hugmyndahópur sem samanstóð af ólíkum einstaklingum sem allir starfa utan safnheima og eru þekktir fyrir að troða óhefðbundnar slóðir í sköpun og túlkun. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttri og ferskri nálgun og fleiri sjónarhornum en oft sjást í sýningum af þessum toga. Uppsetning sýningarinnar er aðlaðandi og gripirnir fá að njóta sín. Sýningarrýmið er haganlega nýtt og má auðveldlega skipta út hlutum sýningarinnar án endurhönnunar. Í miðju sýningarsalarins eru eyjar þar sem sýningargripir og ítarlegir textar fjalla um valda þætti mannlífs. Út frá aðalsal sýningarinnar eru minni herbergi sem vekja forvitni gesta. Fjallað er um ákveðið þema í hverju þeirra. Þar, eins og í öðrum hlutum sýningarinnar, er manngerðum hlutum og náttúrugripum fléttuð saman ásamt ljósmyndum og öðru myndefni. Hluti sýningarinnar er tileinkað náttúruvættum og þar er sérstaklega höfðuð til barna. Allir sýningartextar eru þýddir á ensku og sýningarskráin er einkar glæsileg og vel unnin, prýdd fjölda fallegra mynda og gerir hugmyndafræðinni að baki sýningunni mjög góð skil.

Það er mat dómnefndar að með sýningunni *Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum* hefur verið sleginn nýr og hressilegur tónn í sýningargerð safna. Um leið og hefðbundnir rammar hafa verið víkkaðir út þá byggir sýningin á traustum grunni sem hefur myndast fyrir tilstuðlan ötuls söfnunarstarfs í rúm sextíu ár. Fyrir hvoru tveggja ber að þakka.

Að sýningunni unnu: Sigrún Kristjánsdóttir þáverandi forstöðumaður ásamt hugmyndahóp sem í voru: Sjón, „Davíð Ólafsson sagnfræðingur, Oddný Eir Ævarsdóttir, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Sigurjón Jóhannesson, Hönnuðir: Finnur Arnar Arnarson, Þórarinn Blöndal. Yfirsmiður: Ragnar Jónsson.